

Edda R. H. Waage, dósent á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Guðrún Geirsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði

Hvernig ber að skilja og meta vinnuálag nemenda í kennslukönnun?

Í kennslukönnun Háskóla Íslands snýr einn þáttur að vinnuálagi nemenda þar sem spurt er hvort að námskeið sé þungt, krefjandi eða vinnuálag mikið. Svör við þessum spurningum urðu kveikja að rannsókn um vinnuálag nemenda í námskeiði sem kennt er í námsbraut land- og ferðamálafræði. Rannsóknin byggði á tímamælingum og viðtölum við nemendur um upplifun þeirra af vinnuálagi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að þrátt fyrir að nemendur teldu að námskeiðið væri þungt, krefjandi og vinnuálag mikið, þá vörðu þeir ekki þeim tíma í námskeiðið sem gera mátti ráð fyrir, miðað við fjölda ECTS eininga. Þetta misræmi vakti áhuga okkar og leiddi til frekari greiningar á rannsóknargögnum út frá hugmyndum pósthúmanisma og gerendanetskenningarinnar. Sú greining lýsir því hvernig vinnuálag nemenda er samsett úr hinum ýmsu þáttum og er stöðugt í mótun. Niðurstöður verða birtar í janúarhefti *European Journal of Educational Research*.

Í þessu erindi kynnum við niðurstöður þessarar rannsóknar og það líkan um vinnuálag nemenda sem hún leiddi af sér. Markmið okkar er að ræða hvort og þá hvernig þessi rannsókn getur stutt háskólakennara við að skilja betur þá verðandi sem á sér stað hjá nemendum þegar að þeir taka ákvörðun um hvernig tíma þeirra í námi sé best varið. Jafnframt óskum við eftir umræðu um það hvernig niðurstöður rannsóknarinnar mætti nýta við endurskoðun kennslukönnunar Háskóla Ísland sem nú stendur yfir.